

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf hjá ráðuneytinu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mikið hefur störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgað eða fækkað það sem af er þessu ári á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og utan þess hins vegar?*
2. *Hversu mikið er áætlað að störfum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins á næsta ári?*

Heildarfjölgun starfa hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess á árinu er rúmlega 13 stöðugildi á höfuðborgarsvæðinu og rúmlega 29 stöðugildi utan höfuðborgarsvæðisins.

Gert er ráð fyrir að stöðugildum hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess fjölgi utan höfuðborgarsvæðisins um rúmlega 11 á næsta ári. Sú áætlun er háð fyrirvara um samþykkt fjárlaga og frumvarps til nýrra jafnréttis laga.